

Mál nr. 22/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 21. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 22/2011

X gegn Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og honum gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Svarbréf dagsett 10. október barst frá kærða Y og var afrit af því sent kæranda X til umsagnar. Kærandi Y svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Var kærða Y þá sent boð á sáttafund hinn 8. nóvember með ábyrgðarpósti dags. 19. október. Þar sem kærði Y býr utan höfuðborgarsvæðisins var honum boðið að halda fund með fjarfundabúnaði. Þess gerðist ekki þörf og mætti eiginkona kærða, YYY, á fundinn fyrir hönd kærða Y. Á fundinum reifuðu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir og þar sem siðanefnd taldi að ekki kæmu fram frekari gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta, ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 24. desember 2010 var tíkin XX pöruð við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu íslenskur fjárhundur og er tíkin í eigu kærða Y. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði Y svaraði því til að hann hefði talið að augnskoðun gildi í tvö ár og því verið í góðri trú að para tíkina. Honum þyki það leitt að hafa ekki kynnt sér betur reglurnar og biðst afsökunar. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og staðist skoðun.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið íslenskur fjárhundur:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Eftir þriggja ára aldur má augnvottorð ekki vera eldra en 26 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (kataract) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað 24. desember 2010 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Íslenskur fjárhundur skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða sé hundurinn yngri en þriggja ára. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærði Y því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærði Y hefur upplýst að hafa ekki kynnt sér reglurnar nægilega vel. Hann biðst afsökunar og heitir því að þetta komi ekki fyrir aftur. Siðanefnd telur það ekki breyta brotinu að þekkja ekki reglurnar, þær eru settar með það að markmiði að tryggja það að hundarnir séu ekki með arfgengan sjúkdóm. Það skal þó litið til þess að kærði Y hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins og þykir því hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.
Kærði Y er áminntur.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir